

Starfsskýrsla UMF. Samherjar

2013

SAMHERJAR



Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

Starfsemi U.M.F. Samherja hefur verið í miklum blóma á þessu ári, líkt og undanfarin ár. Félagið hefur leitast við að bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir íbúa sveitarfélagsins með það að markmiði að glæða áhuga á heilsurækt og alhliða íþróttaiðkun.

Á aðalfundi í mars voru kjörin í stjórn UMF. Samherja:

Valgerður Jónsdóttir formaður, situr til 1 árs í stjórninni

Sigurður Eiríksson gjaldkeri, situr til 2 ára í stjórninni

Brynhildur Bjarnadóttir ritari, situr til 2 ára.

Lilja Rögnvaldsdóttir meðstjórnandi situr 1 ár (er búin að vera 1 ár)

Jonas Björk meðstjórnandi situr til 2 ára.

Varamenn: Sigurlaug Hanna og Heiðís Fjöla Pétursdóttir

Tengiliðir við einstakar greinar:

Borðtennis – Lilja

Sund – Sigurlaug Hanna

Frjálsar – Heiðís (Jóhanna Dögg Stefánsdóttir tók við um mitt ár.)

Boltagreinar – Sigurður

Skák – Valgerður

Badminton – Brynhildur

Á árinu var undirritaður samstarfssamningur við Eyjafjarðarsveit, samningurinn tryggir félaginu árlegt framlag frá sveitarfélaginu og leggur þannig grunninn að því fjölbreytta starfi sem félagið stendur fyrir.

Handverkshátíðin hefur verið mikilvægasta fjáröflun félagsins undanfarin ár, en þar leggja félaginu lið fjölmargir sjálfboðaliðar, bæði fullorðnir og börn. Íbúar sveitarfélagsins hafa ávallt sýnt félaginu mikinn velvilja, hefðbundnar fjáraflanir eins og blómasala fyrir Hvítasunnu ganga ávallt vel og blómasölufólki er alls staðar vel tekið. Utgerðarfélagið Samherji ehf. veitti félaginu styrk til eflingar barna- og unglíngastarfs á árinu og var þeim styrk varið til að greiða niður keppnisgjöld og ferðakostnað hjá iðkendum félagsins. Einnig gerði félagið á árinu samstarfssamning við Höldur ehf. og var sá styrkur nýttur til kaupa á keppnisbúningum fyrir iðkendur.

Á sumardaginn fyrsta tók félagið þátt í viðburði sem var kallaður „Heimboð í sveitina“ Þá buðu ferðapjónustuaðilar, listamenn, bændur og búalið gestum og gangandi í heimsókn. Samherjar voru með kynningu á starfsemi sinni og buðu upp á dagskrá í íþróttahúsinu þar sem börn öttu kappi við foreldra í hinum vinsæla bolta-bolta. Einnig var boðið upp á andlitsmálun fyrir krakka. Þessi uppákoma tókst afar vel og ánægjulegt var að sjá hvað margir foreldrar mættu og tóku þátt með börnum sínum.

Árangur iðkenda hjá Samherjum var afar góður á árinu, hæst bar þar kjör Guðmundar Smára Daníelssonar sem íþróttamanns UMSE, óskum við honum innilega til hamingju með titilinn.

Það er metnaðarmál félagsins að börn og unglíngar fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum. Hjá Samherjum er hægt að æfa allar þær greinar sem eru í boði og greiða bara eitt æfingagjald sem er mjög í hóf stillt. Hér á eftir er fjallað stuttlega um þær íþróttagreinar sem boðið er upp á hjá félaginu.

Badminton

Badmintondeild Samherja er orðið stöðugt og gott félag með góðan grunn af spilurum í öllum aldursflokkum. Þó hlýtur það að vera ætlun deildarinnar að styrkja og fjölga spilurum í U17 og U19 flokkum. Við erum meðvituð um að það er erfitt að halda í þennan aldurshóp. Það er á þessum aldri sem spilarar byrja í framhaldsskóla m.a. Við höfum staðið okkur vel í að leyfa ungu spilurunum að spila með fullorðnum og á þann hátt gefa þeim nýjar áskoranir og til lengri tíma litið að halda þeim í félaginu.

Í ár höfum við náð góðum árangri á þeim mótum sem við höfum tekið þátt í. Við höfum ekki verið með eins mörg innanfélagsmót og við hefðum viljað. Það hafa þó verið haldnir nokkrir viðburðir þar sem þátttaka hefur verið góð.

Á landsvísu eru Samherjar smátt og smátt að verða gott badmintonfélag með góðum spilurum alveg frá U9 til U19. Eins má nefna að góður hópur spilara í fullorðinsflokknum hefur staðið sig vel í þeim mótum sem tekið hefur þátt í. Þessi hópur tekur einnig virkan þátt í áframhaldandi þróun félagsins og skapar góðan grunn fyrir börn og unglinga í félaginu.

Í ár hafa verið valdir sex spilarar í úrtakshóp fyrir landsliðið og tóku þátt í úrvalsbúðum sem haldin voru í Reykjavík í haust / vetur. Það voru þau Aldís Sigurðardóttir í U13 og Katrín og Valdís Sigurðardætur, Elmar Blær Arnarson, Andri Ásgeir Adólfsson í U15 og Haukur Gylfi Gíslason í U17

Það er um nokkra að velja þegar kemur að vali á Badmintonmanni ársins. Til að nefna einhverja þá eru það þeir Haukur Gylfi í U17 og Andri Ásgeir í U15. Í míntonhópnum eru fleiri efnilegir spilarar og má nefna þá Sindra Sigurðarson, Trausta Frey Sigurðarson og Heiðmar Örn Sigmarsson sem allir hafa staðið sig vel á þeim mótum sem þeir hafa tekið þátt í. Í fullorðinsflokknum hafa allmargir náð miklum framförum. Í því samhengi má þar helst nefna Önnu Maríu Sigurðardóttur sem á skömmum tíma hefur þróast í góðan spilara.

Þetta hefur verið gott ár hjá badmintondeild Samherja, bæði á æfingum sem og í keppnum. Einn spilarari hefur með sínu jákvæða viðhorfi á íþróttinni sem og til meðspilara sinna náð mjög góðum árangri á þeim mótum sem hann hefur tekið þátt og á skilið að verða útnefndur badmintonmaður ársins.

Haukur Gylfa Gíslason er badmintonmaður ársins. Hann á skilið mikið lof og viðurkenningu fyrir árangur sinn. Haukur Gylfi er frábær fyrirmynd fyrir aðra spilara í félaginu og ekki minnst fyrir hæfileikaríka yngri spilara.

Árið 2013 hefur félagið tekið þátt í eftirfarandi mótum og náð góðum árangri.

- **Reykjavík International 18. – 20. janúar 2013**
 1. Haukur Gíslason 2. sæti einliðaleikur U15
- **Unglingarmót Þorlákshöfn 9. febrúar 2013**
 1. Andri Ásgeir Adólfsson 1. sæti í einliðaleik U13 og sigraði tvíliðaleik með Elmari Blæ í U15
 2. Katrín Sigurðardóttir lenti í 3.-4. sæti í einliðaleik U13 og 3.-5. sæti í tvíliðaleik með Valdísi Sigurðardóttur í U15.
 3. Aldís Sigurðardóttir lenti í 3.-4. sæti í tvíliðaleik með Guðríði Hörpu Elmarsdóttur TBS.
 4. Elmar Blær Arnarson og Andri Ásgeir Adólfsson sigruðu tvíliðaleik í U15
 5. Bjarki Rúnar Sigurðsson og Ólafur Ingi Sigurðarson sigruðu tvíliðaleik í U17-U19

Landsbankamót ÍA 16.-17. febrúar 2013

Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

6. Haukur Gylfi Gíslason og Elvar Jóhann Sigurðsson lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik
- **Íslandsmót Unglinga ÍA Akranesi 15. –17. mars 2013**
 1. Ivalu Birna Falck-Petersen lenti í 3.-4. sæti í einliðaleik í U19.
 2. Ivalu Birna Falck-Petersen lenti í 2. sæti í tvíliðaleik með Huldu Lilju Hannesdóttur í U19.
 3. Andri Ásgeir Adolfsson lenti í 2. sæti í einliðaleik U13
- **Norðurlandsmót TBS Siglufjörður 20. Apríl 2013**
 1. Sindri Sigurðarson er tvöfaldur Norðurlandsmeistari. Hann vann í einliðaleik og tvíliðaleik með Trausta Frey Sigurðarsyni í U11.



Sindri og Trausti Freyr

2. Trausti Freyr Sigurðarson er Norðurlandsmeistari í tvíliðaleik með Sindra Sigurðarsyni og lenti einnig í 2. sæti í einliðaleik í U11.
3. Enok Atli Reykdal Þórsson og Kristján Elí Jónasson lentu í 2. sæti í tvíliðaleik í U11.
4. Aldís Lilja Sigurðardóttir lenti í 2. sæti í einliðaleik í U11 og 2. sæti í tvíliðaleik með Katrínu Sigurðardóttur í U13
5. Katrín Sigurðardóttir lenti í 2. sæti í einliðaleik U13 og 2. sæti í tvíliðaleik með Aldísi Lilju Sigurðardóttur.
6. Andri Ásgeir Adolfsson er tvöfaldur Norðurlandsmeistari. Hann vann í einliðaleik og tvíliðaleik með Jakobi í U13.

Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

7. Jakob er Norðurlandsmeistari í tvíliðaleik í U13 með Andra Ásgeiri Adolfssyni
8. Þorgerður Hauksdóttir er Norðurlandsmeistari í tvíliðaleik með Debbie Robinson og lenti einnig í 2. sæti í einliðaleik.
9. Debbie Robinson er Norðurlandsmeistari í tvíliðaleik með Þorgerði Hauksdóttur
10. Haukur Gylfi Gíslason er Norðurlandsmeistari í tvíliðaleik með Elvari Jóhanni Sigurðssyni og lenti einnig í 2. sæti í einliðaleik.
11. Elvar Jóhann Sigurðsson er Norðurlandsmeistari í tvíliðaleik með Hauki Gylfa Gíslasyni og lenti í 2. sæti í einliðaleik í B flokki.
12. Ivan Falck-Petersen lenti í 2. sæti í tvíliðaleik með Kristni Jónssyni og 1. sæti í einliðaleik í B flokki.
13. Kristinn Jónsson lenti í 2. sæti í tvíliðaleik með Ivan Falck-Petersen.

- **UMSÍ Landsmót Selfoss 4.júlí 2013**

1. Samherjar lentu í 3. Sæti í liðakeppni

Í liðinu voru Elvar Jóhann Sigurðsson, Haukur Gíslason, Ivan Falck-Petersen, Sigurður Eiríksson, Sigurður Eyþór Valgarðsson, Sigurður Ingi Friðleifsson, Guðrún Ösp Sævarsdóttir og Þorgerður Hauksdóttir

-
-
-



- **Reykjavíkurmót unglunga 2013 TBR**

1. Haukur Gylfi Gíslason og Elvar Már Sturlaugsson lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik.

- **TB-KA Haustmót Unglinga Akureyri 6. – 7. Október**

1. Katrín og Valdís Sigurðardætur lentu í 3.-4. í tvíliðaleik U15
2. Haukur Gylfi Gíslason og Sara Þorsteinsdóttir lentu 3.-4. sæti í tvenndarleik U17.
3. Haukur Gylfi Gíslason og Elvar Már Sturlaugsson lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik U17.
4. Helgi Brynólfsson lenti í 3.-4. sæti í einliðaleik, aukaflokki í U15.
5. Elvar Jóhann Sigurðsson og Helgi Grétar Gunnarsson ÍA lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik U19.

Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

- **Óskarsmótið, einliðaleikur TBR 12. október 2013, B-flokkur fullorðinna**
 1. Haukur Gylfi Gíslason 2. Sæti.

- **Vetrarmót TBR 19.-20 október 2013**
 1. Haukur Gylfi Gíslason lenti í 3.-4. sæti í einliðaleik U17

- **TBR Opið 26.-27. október 2013 B-flokkur fullorðinna.**
 1. Haukur Gylfi Gíslason og Elvar Már Sturlaugsson 1. sæti í tvíliðaleik.
 2. Haukur Gylfi Gíslason 2. sæti í einliðaleik.

- **Meistaramót BH 8.-10. nóvember 2013 B-flokkur fullorðinna.**
 1. Haukur Gylfi Gíslason 2. sæti í einliðaleik
 2. Haukur Gíslason og Elvar Már Sturlaugsson 2. sæti í tvíliðaleik

- **Unglingamót Aftureldingar 22.-23. nóvember 2013**
 1. Helgi Brynólfsson og Andri Ásgeir Adólfsson lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik U15.
 2. Katrín og Valdís Sigurðardætur lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik U15.
 3. Haukur Gylfi Gíslason lenti í 3.-4. sæti í einliðaleik U17
 4. Haukur Gylfi Gíslason og Elvar Már Sturlaugsson lentu í 3.-4. sæti í tvíliðaleik U17

Ivan Falck-Petersen og Ivalu Birna Falck-Petersen eru badmintonþjálfarar hjá Samherjum.

Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

Borðtennis

Borðtennisæfingar voru tvisvar í viku í tveimur aldursflokkum. Ekki var farið á nein mót, en sett voru upp innanfélagsmót í íþróttahúsinu sem tókust vel. Þjálfarar í bortennis eru Sigurður Eiríksson og Gísli Úlfarsson.



Fótbolti/Boltagreinar

Boðið var upp á boltatíma og fótbolta eins og undanfarin ár. Boltatímar voru í íþróttahúsi fyrir alla krakka á grunnskólaaldri í vetur, og útiæfingar í fótbolta um sumarið. Í stað þess að skipta krökkunum eftir kynjum og hefðbundnum flokkum í vetrartímum var ákveðið að skipta eftir aldri þannig að 1. og 2. bekkur voru saman, 3. og 4. bekkur, 5-7. bekkur og 8-10. bekkur. Þessi skipting mæltist vel fyrir og þátttaka jókst, sérstaklega hjá stelpum í yngri bekkjum.

Samherja krakkar tóku þátt í nokkrum mótum í sumar og stóðu sig vel. Tekið var þátt í Íslandsmóti í 4. og 5. flokki. Yngstu flokkarnir tóku þátt í Strandarmóti og 5. 6. og 7. flokkur tók þátt á Smábæjarleikum og 5. flokkur tók einnig þátt á N1 móti. Einnig voru Samherjar með á Eyjafjarðarmóti UMSE sem haldið var á Hrafnagili í lok ágúst. Krakkarnir stóðu sig vel á öllum þessum mótum og voru félaginu til sóma. Jón Óðinn Waage og Óðinn Snær voru þjálfarar í boltagreinum fram á haust, en þá tók Ásgeir Ólafsson við þjálfun.



Frjálsar

Við höfum verið svo lánsöm að hafa **Unnar Vilhjálmsson** þjálfara innan okkar vébanda. Hann hefur þjálfað frjálsíþróttir hjá okkur nú í 3 ár og við verðum ekki vör við annað en að börnin séu mjög ánægð með hann og aðferðir hans. Hann nær vel til þeirra og hvert og eitt þeirra fær hvatningu og þjálfun við hæfi. Að koma inn í íþróttasal þegar hann er að þjálfra er eins og koma inn í ævintýraheim. Hann notar mikið leiki og þrautir til að ná fram hæfni sem nýtist í frjálsíþróttum. Hann fylgir krökkunum á mót og er þeim stoð og stytta í þeim greinum sem þau velja sér að taka þátt í.

Æfingar hafa verið sem fyrr á þriðjudögum og fimmtudögum. Skipt er í tvo aldursflokka, yngri hóp (10 ára og yngri) og eldri hóp (10 ára og eldri). Þeir krakkar sem eru komnir á unglingastig og hafa náð langt í frjálsíþróttum velja að mæta heldur á æfingar hjá UFA þar sem aðstaða er öll til fyrirmyndar og við þeirra hæfi. Þar tekur Unnar einnig á móti þeim sem og Gísli Sigurðsson meistaraflokksþjálfari UFA.

Umf. Samherjar héldu að venju sitt árlega **Jólamót Samherja** í frjálsíþróttum. Keppendur komu jafnt frá UMSE sem UFA og var keppendum og sjálfboðaliðum boðið upp á skyrdrykk, grillaða samloku með skinku og osti og mandarínur (og kaffi) sér að kostnaðarlausu. Veitingarnar voru í boði Mjólkursamsölunnar, Kjarnafæðis, Axels bakarís og Nettó. Þökkum við þeim kærlega fyrir rausnalegan styrk annað árið í röð.

Aldursflokkaþing UMSE var haldið á Þórsvellinum á Akureyri 3.-4. september. Um 120 keppendur frá 9 félögum voru skráðir til leiks, en keppt var í fjölmörgum greinum í mörgum aldursflokkum. Í heildar stigakeppninni báru Umf. Samherjar sigur úr þitum með 276 stig.

Íþróttamaður UMSE 2013

Eftir jafna og spennandi kosningu um íþróttamann UMSE var **Guðmundur Smári Danielsson** frjálsíþróttamaður frá Umf. Samherjum hlutskarpastur í kjörinu auk þess sem hann var útnefndur **frjálsíþróttamaður UMSE**.

Guðmundur Smári átti frábært ár í frjálsum á árinu. Hann bætti sig í öllum þeim greinum sem hann tók þátt í. Hann náði lágmarkum í afrekshóp FRÍ í 4 kg sleggju og Úrvalshóp FRÍ í 100m grind, í 600gr., 700gr. og 800gr. spjóti og einnig í 4kg og 5kg sleggju. Hann var valinn í sameiginlegt bikarlið Norðurlands (fullorðinna) utanhúss þar sem hann keppti í kúlu, kringlu, sleggju og spjóti. Einnig var hann valinn til þess að keppa með sameiginlegu bikarliði UFA og UMSE í 15 ára og yngri. Þar keppti hann í hástökki, kringlu og boðhlaupi. Á árinu á hann bestan árangur í sínum flokki utanhúss í stangarstökki, sleggjukasti 4kg, 5kg og 7,26kg og í 2kg kringlu. Innanhús á hann bestan árangur í sínum flokki í langstökki, 100m grind og 60m grind. Á uppskeruhátíð UMSE í frjálsum þá fékk hann viðurkenningu fyrir afrek ársins í karlaflokki fyrir sleggjukast, einnig varð hann stigahæstur á Aldursflokkaþingi UMSE.



Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

Guðmundur Smári varð fjórfaldur Íslandsmeistari á árinu, í þrístökki (innan húss) og í fjölþraut, stangarstökki og sleggjukasti (utan húss). Hann stóð sig einnig mjög vel á Heimsleikum unglunga sem haldnir voru í Gautaborg.

Helstu afrek Guðmundar á árinu eru:

Innanhúss:

- MÍ 15-22 ára Íslandsmeistari, 1.sæti í þrístökki (11,30m), 2.sæti í stangarstökki (3,0m) 3.sæti í kúluvarpi (11,98m), langstökki (5,33m) og 60m. grind (9,61sek).
- MÍ í fjölþraut, 3. sæti (3015 stig).
- Stórmót ÍR, 1. sæti þrístökk (11,05m), 2.sæti stangarstökk (2,60m) og 3.sæti kúluvarp (12,21m).

Utan húss:

- MÍ í fjölþraut, Íslandsmeistari (4708 stig).
- MÍ 15-22 ára, Íslandsmeistari í stangarstökki (3,0m) og sleggjukasti 4kg (55,93m), hann varð í 2.sæti í 100m grind (15,42sek), 3.sæti í kringlu (37,21m), kúluvarpi (12,96m) og þrístökki (11,91m).
- Landsmót UMFÍ, keppti í karlaflokki og varð í 3.sæti í spjótkaсти (46m).
- MÍ aðal, keppti í karlaflokki lenti ekki á palli en varð í 6. sæti í sleggju og langstökki en í 5.sæti í þrístökki.
- Unglingalandsmót, 1.sæti í 4x100m hlaupi, 2.sæti í langstökki(5,70m) og 3.sæti í spjótkaсти(44,78m).
- Heimsleikar unglunga í Gautaborg, 2.sæti í 4.kg sleggjukasti (55,12m), 4.sæti í þrístökki (12,13m) og 5.sæti í spjótkaсти(46,62m).

Guðmundur Smári tók þátt í fjölmörgum öðrum mótum á árinu og var alltaf á palli. Hann er duglegur að stunda æfingar með meistaraflokki UFA. Hann er félaginu sínu, Umf. Samherjum, til mikils sóma og er fyrirmynd yngri barna.

Stjórn UMSE tilnefndi einnig **Guðbjörgu Ósk Sveinsdóttur** Umf. Samherjum til íþróttamanns ársins 2013 þar sem hún er talin hafa skarað fram úr í frjálsíþróttum á árinu. Guðbjörg Ósk er ein fremsta frjálsíþróttakona landsins í sínum aldursflokki, hún er dugleg að mæta á æfingar hjá meistaraflokki UFA og stundar hún þær af kappi. Hún keppti á MÍ í fjölþraut innan húss og lenti í 2. sæti. Hún var valin í Bikarlið Norðurlands innan húss og keppti í 60 m grind. Hennar aðal greinar eru langstökk, grind og spjótkaсти. Á uppskeruhátíð UMSE fékk Guðbjörg Ósk hvatningarverðlaun UMSE 2013. Einnig fékk hún viðurkenningu fyrir að vera stigahæst í kvennaflokki á Aldursflokka mót UMSE.

Helstu afrek Guðbjargar á árinu eru:

Innanhúss:

- MÍ í fjölþraut, 2.sæti (2913 stig).
- MÍ 15-22 ára, 3.sæti í 60m grind (9,38sek), 4.sæti langstökki (4,97m) og 5.sæti í 60m hlaupi (8,34sek).
- MÍ aðal, 4.sæti 60m grind (9,55sek).

Utan húss:

- MÍ 15-22 ára, 3.sæti í langstökki (4,94m), 2.sæti í 100m grind (15,77sek) og 2.sæti í spjótkaсти(36,63m).
- Unglingalandsmót, 4.sæti í spjótkaсти (31,48m) og 2.sæti í langstökk (5,08m).
- MÍ aðal, Íslandsmeistari í 4x100m boðhlaupi, 6.sæti í 100m grind (16,85sek), 5.sæti í spjótkaсти (33,32m), 8.sæti í langstökki (5,14m).

Guðbjörg Ósk keppti á fjölmörgum öðrum mótum á árinu og stóð hún sig mjög vel og var yfirleitt á palli. Hún átti ágæt bætningar á árinu eins og t.d. í 60m hlaupi og kúluvarpi, bæði innan- og utan húss, spjótkaсти, 200m hlaupi, 60m grind og hástökki utan húss.

Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

Guðbjörg Ósk hefur gengið úr Umf. Samherjum og gengið til liðs við UFA. Óskum við henni áframhaldandi velfarnaðar á vettvangi frjálsíþrótta og þökkum henni samfylgdina í gegnum árin.

Sveinborg Katla Daniélsdóttir varð Íslandsmeistari í stangarstökki 18-19 ára. Hún varð einnig Íslandsmeistari í 4*100m boðhlaupi á MÍ 20-22 ára. Þá varð hún Unglingalandsmótsmeistari í spjótkaсти 18 ára. Hennar aðal grein er stangarstökk. Sveinborg er dugleg að mæta á æfingar hjá meistaraflokki UFA og stundar frjálsíþróttir af kappi og.

Stefanía Sigurdís Jóhannudóttir tók ekki þátt í mörgum mótum á árinu vegna meiðsla. Hún náði þó palli á þeim mótum sem hún sótti, en hennar sérgrein er hástökk. Á uppskeruhátíð UMSE fékk Stefanía Sigurdís hvatningarverðlaun UMSE 2013. Hún er hvergi nærri hætt og stundar sjúkrapjálfun og æfingar hjá meistaraflokki UFA sem mest hún má.

Þrír iðkendur hjá Umf. Samherjum hafa náð þeim frábæra árangri að komast í **úrvalshóp unglunga hjá FRÍ**. Það eru þau Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir, Sveinborg Katla Daniélsdóttir og Guðmundur Smári Daníelsson. Óskum við þeim innilega til hamingju með frábæran árangur.

Iðkendur frjálsíþrótta hjá Umf. Samherjum, jafnt yngri sem eldri, sóttu fjölmörg mót um land allt á árinu og náðu margir mjög góðum árangri með bætingum í sínum greinum og var mikið um persónulega sigra. Mörg mjög góð frjálsíþróttaefni eru innan raða iðkenda hjá Umf. Samherjum og því spennandi að fylgjast með framhaldinu á næstu árum.

Starfsskýrsla umf. Samherja 2013

Sund

Sundæfingar eru í tveimur flokkum, yngri iðkendur í höfningum æfa tvisvar í viku, en eldri krakkarnir í hákörpum æfa þrisvar í viku. Keppt var á gullmóti KR og á lionsmóti á Dalvík, þar stórbættu iðkendur árangur sinn. Sundkrakkar tóku einnig þátt í jólamóti í Akureyrarlag. Rebekka Garðarsdóttir náði góðum árangri á árinu og var útnefnd sem sundmaður ársins hjá UMSE. Ingibjörg Isaksen sem verið hefur sundþjálfari undanfarin ár, hætti störfum í haust og við sundþjálfun tók Anna Rún Kristjánsdóttir.

Auk ofangreindra íþróttagreina býður félagið uppá körfuboltaæfingar fyrir fullorðna tvisvar í viku. Þá var sú nýbreytni prófuð í sumar að bjóða uppá gönguferðir undir heitinu „Fjölskyldan á fjallið“, þar sem markmiðið var að stuðla að hollri útivist hjá allri fjölskyldunni. Þessar gönguferðir tókust vel, og var þátttaka almennt góð. Gengið var á Torfufell og Uppsalaahnúk auk þess sem farnar voru fjölskyldugöngur upp með Reykánni og um Leyningshóla. Stefnt er að því að bjóða aftur uppá svona skemmtilegar gönguferðir næsta sumar.



Sprækur hópur á leið í fjallgöngu

Stjórn Umf. Samherja þakkar öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg í starfsemi félagsins á árinu.